

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/158/EB frá 16. febrúar 2004 um breytingu á ákvörðun 92/216/EBE að því er varðar birtingu skrár yfir samræmingaryfirvöld ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ekki Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97) í hluta 1.1:
„7b. **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“
2. Eftirfarandi bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/102/EBE) í hluta 1.1:
„, eins og henni var breytt með:
- **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“
3. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/216/EBE) í hluta 2.2:
„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 50, 20.2.2004, bls. 62.

- **32004 D 0158**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/158/EB frá 16. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB L 50, 20.2.2004, bls. 62).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:

- „- **32004 R 0021**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 21/2004 og ákvörðunar 2004/158/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.